



Lúxemborg, 10. nóvember 2021

FRÉTTATILKYNNING 14/2021

Dómur í máli E-17/20 *Zvonimir Cogelja gegn embætti landlæknis*

ÚTGÁFA VITNISBURÐAR UM FORMLEGA MENNTUN OG HÆFI

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningu frá Héraðsdómi Reykjavíkur, varðandi túlkun á tilskipun 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi („tilskipunin“).

Málið varðar beiðni um útgáfu vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sem sérfræðingur í lýtalækningum, til embættis landlæknis, á grundvelli tilskipunarinnar. Zvonimir Cogelja stundaði sérnám í samtals sjö ár og ellefu mánuði. Ekkert af námi hans fór fram á Íslandi. Embætti landlæknis hafnaði beiðni Zvonimir Cogelja af þessu tilefni og benti á að það gæti aðeins staðfest að hann hefði leyfi til að stunda lýtalækningar á Íslandi. Embættið taldi sig ekki geta gefið út vitnisburð um formlega menntun og hæfi á grundvelli tilskipunarinnar í ljósi þess að nám í lýtalækningum sem sérgrein í læknisfræði væri ekki í boði á Íslandi. Embættið gæti því ekki staðfest að námið hefði verið í samræmi við kröfur tilskipunarinnar.

Héraðsdómur Reykjavíkur spurði í meginatriðum hvort ákvæði 25. gr. tilskipunarinnar áskilji að EES-ríki hafi sjálft með höndum viðkomandi sérnám í því skyni að geta gefið út vitnisburð um formlega menntun og hæfi, jafnvel þótt það sérnám fari ekki fram í því ríki.

Dómstóllinn telur að til þess að valdbært stjórnvald í EES-ríki geti gefið út vitnisburð um formlega menntun og hæfi í samræmi við tilskipunina, þurfi það að geta metið og staðfest að kröfum tilskipunarinnar sé fullnægt. Það er hægt ef EES-ríkið býður upp á sérnám í læknisfræði sem uppfyllir lágmarkskröfur tilskipunarinnar á yfirráðasvæði sínu. Að öðrum kosti verði stjórnvaldið að hafa komið á kerfi sem tryggir að kröfurnar sem kveðið er á um í 25. gr. tilskipunarinnar séu uppfylltar. Þessu sé hægt að ná fram með því að hafa fyrir hendi námskrá, eða jafngildi hennar, sem lýsir heildstæðri áætlun um nám og þjálfun. Sé slíkt ekki fyrir hendi megi stjórnvaldið ekki gefa út vitnisburð um formlega menntun og hæfi samkvæmt tilskipuninni.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.